ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2006/EES/30/43**

frá 4. september 2003

um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara skv. 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar bolta fyrir berandi tengingar (*)

(tilkynnt með númeri C(2003) 3159)

(2003/639/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur ([1]), eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE ([2]), einkum 4. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þegar staðfesta á samræmi vöru skal framkvæmdastjórnin velja á milli aðferðanna tveggja sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. tilskipunar 89/106/EBE og velja auðveldustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum. Þetta merkir að nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða ákveðins vöruhóps, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju, sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og nægilegt skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum samþykkts vottunaraðila af ástæðum er varða samræmi við viðmiðanirnar sem um getur í 4. mgr. 13. gr.

2) Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að tilgreina þær vörur eða þá vöruhópa sem um getur í tækniforskriftunum.

3) Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., er lýst ítarlega í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE. Því er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón af III. viðauka, hvernig þessum tveimur aðferðum skuli beitt, að því er varðar hverja vöru eða vöruhóp, þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.

4) Aðferðin, sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits, og í öðrum og þriðja kosti í ii-lið 2. liðar í III. viðauka. Aðferðin, sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í i-lið 2. liðar III. viðauka og í fyrsta kosti í ii-lið 2. liðar í III. viðauka með stöðugu eftirliti.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Staðfesta skal samræmi vara og vöruhópa, sem eru tilgreind í I. viðauka, með aðferð þar sem, auk framleiðslustýringarkerfis í verksmiðjunni sem framleiðandinn starfrækir, er gert ráð fyrir þátttöku samþykkts vottunaraðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 226, 10.9.2003, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2004 frá 19. mars 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 22, 29.4.2004, bls. 13.

([1]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

([2]) Stjtíð. EB L 220, 30.8.1993, bls. 1.

2. gr.

Tilgreina skal aðferðina, sem nota skal til að staðfesta samræmi eins og fram kemur í II. viðauka, í umboðum fyrir viðmiðunarreglur um evrópskt tæknisamþykki.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. september 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Boltar fyrir berandi tengingar:

til notkunar við byggingaframkvæmdir, til að innbyrðis hreyfingar samtengdra hluta geti átt sér stað (milli platna eða milli platna og veggja).

II. VIÐAUKI

STAÐFESTING Á SAMRÆMI

Aths.: Vegna vara, sem hafa fleiri en eitt þeirra áformuðu notkunargilda, sem eru tilgreind í eftirtöldum vöruhópum, safnast verkefnin upp sem samþykktur aðili tekst á hendur og rekja má til viðkomandi kerfa til staðfestingar á samræmi.

Vöruhópur: ***Boltar fyrir berandi tengingar (1/2)***

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem eru talin upp hér á eftir, eru Evrópusamtökin um tæknisamþykki beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi viðmiðunarreglum um evrópskt tæknisamþykki:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Boltar fyrir berandi tengingar	til notkunar sem heyrir undir reglur um nothæfi með tilliti til burðarþols	—	2+

Kerfi 2+: Sjá tilskipun 89/106/EBE, fyrsta kost í ii-lið 2. liðar III. viðauka, þ.m.t. vottun samþykkts aðila á framleiðslustýringu verksmiðjunnar á grundvelli fyrstu skoðunar á verksmiðju og framleiðslustýringu í verksmiðjunni auk stöðugs eftirlits með, mats á og samþykkis framleiðslustýringar í verksmiðjunni.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi vörunnar með tilliti til tiltekins eiginleika þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

Vöruhópur: ***Boltar fyrir berandi tengingar (2/2)***

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem eru talin upp hér á eftir, eru Evrópusamtökin um tæknisamþykki beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi viðmiðunarreglum um evrópskt tæknisamþykki:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Boltar fyrir berandi tengingar	til notkunar sem heyrir undir reglur um viðbrögð við bruna	A1 (*), A2 (*), B (*), C (*)	1
		A1 (**), A2 (**), B (**), C (**), D, E	3
		(A1 til E) (***), F	4

Kerfi 1: Sjá tilskipun 89/106/EBE, i-lið 2. liðar III. viðauka, án úttektarprófunar á sýnum.
Kerfi 3: Sjá tilskipun 89/106/EBE, annan kost í ii-lið 2. liðar III. viðauka.
Kerfi 4: Sjá tilskipun 89/106/EBE, þriðja kost í ii-lið 2. liðar III. viðauka.
(*) Vörur/efni, sem fá hagstæðari flokkun með tilliti til viðbragða við bruna sem rekja má til ákveðins, auðgreinanlegs stigs í framleiðsluferlinu (t.d. þegar logavarnarefnum er bætt við eða við takmörkun á lífrænum efnum).
(**) Vörur/efni, önnur en þau sem neðanmálsgrein (*) vísar til.
(***) Vörur/efni sem ekki þarf að prófa með tilliti til viðbragða við bruna (t.d. vörur/efni sem teljast til flokks A1 skv. ákvörðun 96/603/EB, með áorðnum breytingum).

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi vörunnar með tilliti til tiltekins eiginleika þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.